

CQ TF

FRÉTTABRÉF 3/88



FRÁ SÍÐASTA MORSE NÁMSKEIÐI

Alltaf er verið að endurbæta hljóðlíkisaðferðina í Morse kennslunni. Myndin hér að ofan er frá síðasta Morse námskeiði, og sýnir nýjustu aðferðina til að halda athygli þátttakendanna vakandi. “Þetta er punkturinn yfir strikið”, varð einum nemanda á orði, “nú er sko ekkert HITT Í FYRRA eða FÍLL Í FÝLU lengur”. Öll fyrri námshraðamet voru slegin. Sjá nánari upplýsingar um þessa nýju aðferð inni í blaðinu.

“Okkur virðist....”

- Sumir stilla listum og vísindum eða tækni upp sem andstæðum. Aðrir líta hinsvegar þannig á, að list og tækni eða vísindi séu í öllu, bara í mismunandi hlutföllum. Tökum sígilda tónlist sem dæmi. Hún lýtur ákveðnum stærðfræðilíkum lögmálum. Innan lögmálanna rúmast samt mikil listaverk. Við þurfum vissan lágmarksskilning og þjálfun í áður en við kunnum að meta list. Við sjáum það best á því hve ný listform eiga oft erfitt uppdráttar í upphafi og geta orðið fyrir hatrömmu aðkasti, meðan viðtakendurnir eru að læra að meta þau. Nútíma stærðfræði er t.d. eitt mesta framúrstefnu listform sem til er. Hinir hefðbundnu listfræðingar bera hinsvegar fæstir skynbragð á þá list, frekar en steinaldarmaðurinn á listfræðingana.

- Rafeindarásir líta ákveðnum lögmálum. Þær geta byggst upp á ýmsa vegu. Innan þessa ramma geta rúmast listaverk, en til að skynja þau þurfa menn að hafa lágmarks skilning á samspili íhlutana. Vilhjálmur, TF3DX smíðaði í eldspýtustokk radiófræðilegt listaverk, sem er þrátt fyrir litla fyrirferð og litíð afl, alvöru 6 banda stuttbylgju Morsesendir. Þessi sendir hefur síðan verið smíðaður í stækkaðri mynd af núverandi nýliðahópi. Vilhjálmur hefur tekist að endurbæta og gera fjölhæfari þekkta gerð af kristal rökrásasveifluka, sem getur fengið kristalla til að sveifla hvort heldur sem er á grunntón, eða yfirtón. Lyklunin er nettlega framkvæmd með rökrásarstýringu. Sendirinn er ekki bara sveifluka, heldur er í eldspýtustokknum lágmark þess sem þrýðir góðan sendi, þ.e. auk sveifluka útgangsstig, tankrás og bylgjuskriptari auk ljósdíóða, sem koma að notum við aðlögun. Hér er allt sem þarf, hvorki of né van, allt í jafnvægi. Er það ekki einkenni góðrar listar? (TF3KB)

Forsíðumyndin er frá Scottish Amateur Radio Convention, SCOTCON 87, hinn 13. september á s.l. ári. Stúlkurnar seldu þar happdrættismiða, en textinn undir myndinni er í tilefni útkomudags fréttabréfsins

CQ TF fréttabréf

1. apríl 1988, 6. árgangur.

Útgefandi

Íslenskir radióamatörar (IAR)
(stofnað 14. ágúst 1946)
Pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og öbm.

Kristján Benediktsson, TF3KB.

Efni sendist ritstjóra í síðasta lög,
20. hvers mánaðar fyrir næstu útgöfu
í pósthólf 8873, 128 Reykjavík.

**IAR er hið íslenska aðildarfélag í
IARU, IARU Regionl og NARRU.**

STERK NÁMSKEIÐ:

* TIL nýliðaprófs

Hefst 18. apríl - kl. 2030 - 2200

* UPPRIFJUN til nýliðapr.

Hefst 18. apríl - kl. 1730 - 1900

* PAKKVAK (packet radio)

Hefst 15. apríl - kl. 1730 - 1900

* TÆKNI til A- prófs

Hefst 19. apríl - kl. 2030 - 2200

* MORSE til A-prófs

Hefst 19. apríl - kl. 1945 - 2030

* MORSE fyrir byrjendur

Hefst 18. apríl - kl. 1900 - 1945

Innritun og upplýsingar

í síma 3 18 50

QSP

- **Nýliðahópurinn**, sem tók nýliðapróf á sl. ári, er nú allur kominn í loftið. Þótti við hæfi að slá á þráðinn til nýju leyfishafanna, kynna sér búnað þeirra, hvernig gengið hefur að komast í loftið og hvað þeir hefðu að segja að öðru leyti. Allir hafa nýliðarnir smíðað hinn nýja sendi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX, sem lýst var lauslega í næstsíðasta fréttabréfi.

- **Bjarni Sverrisson, TF3GBN** er tollvörður til heimilis að Hnjúkaseli 4, 109 Reykjavík. Hann hefur ekki látið sig muna um það, og smíðað tvö eintök af sendinum hans Vilhjálms, TF3DX. Seinna eintakið var með styttri leiðslum til að ná betri árangri á 21 MHz. Þá hefur Bjarni pantað og smíðað 5W sendi og lágsláttarviðtæki (direct conversion RX) frá C.M. Howes Communications, sem auglýsir í Practical Wireless. Sagði Bjarni að sendirinn virkaði vel, hann hefði breytt lyklingunni aðeins og móttakarann væri einnig þokkalegur eftir smá stillingu. Bjarni náði nýverið á 80 metrunum sínum fyrsta DX á þessi tæki. Það var G3FGN í Salisbury á Englandi og fékk Bjarni RST 559, en gaf til baka RST 229. Bjarni hefur verið með hálfbylgjudípól fyrir 40m fram að þessu, en breytti yfir í hálfbylgjudípól fyrir 80m skömmu áður en hann náði fyrsta sambandinu.

- Bjarni sagði þetta vera gott og uppbyggilegt tómsundagaman fyrir hvern sem er, og ættu flestir að stunda þetta. Á þessu væri mikið að læra við tilraunir undir handleiðslu reyndari manna, sem væri gott tækifæri fyrir hugmyndaflugið, auk þess að skapa ný kynni við margt fólk bæði innan lands og utan. Í lokin sagði Bjarni, að eldri leyfishafar mættu gjarnan opna tækin sín og svara nýliðunum, aðallega á 3560 kHz hér innanlands, en einnig á 7030 og 21060 kHz, það gæfi nýliðunum aukið sjálfstraust. Ef menn væru í vandræðum vegna tækjaskorts eða plássleysis, þá tæki ekki nema eina kvöldstund að smíða sendinn hans Vilhjálms, TF3DX og kæmist hann vel fyrir í gluggasýllu (þ.e.a.s. sendirinn!).

- **Ágúst Guðmundsson, TF3AGN** er tölvunarfræðingur hjá Míkró HF. Hann býr að Austurbrún 21, 104 Reykjavík með 12 hæða háhýsi í Laugarásnum handan götunnar. Til umræðu kom á nýliðakvöldi hvort hann vildi ekki reyna að strengja loftnet upp í háhýsið, en Ágúst var hikandi, því hann hafði lent í útistöðum við húsvörðinn þar vegna bílastæða. Eftir að hafa hert upp hugann leggur hann þó af stað og hringir dyrabjöllunni. Þá vill ekki betur til en að dyrabjallan festist inni og kemur húsvörðurinn óskuvondur til dyra. Húsvörðurinn benti honum þó á mann hjá borgarverkfræðingi, sem Ágúst fer og talar við. Sá er hinn



jákvæðasti, en bendir þó á að til þurfi að koma samþykki tollgæslunnar, þeir séu með sendi á efstu hæð hússins. Tollgæslan vísaði málinu til Pósts- og síma, en þeim var alveg sama ef þetta truflaði ekki neitt. Þá kom í ljós að húsið er í eigu borgarinnar og til þurfti að koma samþykki félagsmálastofnunar. Hún sá ekkert athugavert við þetta fyrst tollgæslan og Póstur- og sími voru búnin að samþykkja það. Þegar Ágúst talar svo við húsvörðinn, segir hann að fyrst allir þessir aðilar séu búnir að leggja blessun sína yfir þetta, þá megi hann hafa loftnetið hvar sem er og hvernig sem er.

- Loftnetið liggur skáhallt frá húsi Ágústar og upp í háhýsið. Hafið er um 100 metrar, en loftnetið sjálft 40 metrar þ.e. hálfbylgja á 80 m. Loftnetið fer inn um strompinn og í loftnetsaðlögunartæki. Þaðan liggur svo kóax kapall inn í stofu. Viðtækið er Sony ICF-7600D, sem yfirstýrðist frá útvarp Reykjavík og erlendum stöðvum á stuttbylgju, þegar svona stórt loftnet var tengt við það. Með því að taka móttakarann gegnum aðlögunartæk-

ið og einnig gegnum tankrás sendisins tókst að losna við þessar truflanir.

- Ágúst gat þess að lokum þetta hefði allt gengið mjög vel, ekki síst fyrir ómetanlegan stuðning TF3DX og TF3KB við nýliðahópinn og einnig ætti hljóðlíkisaðferðin þátt í þessu, því hún hefði skilað miklum árangri.

- **Hannes Guðmundsson**, TF3HGN er rafmagnsverkfræðingur hjá Rafteikningu HF, og er til heimilis að Karfavogi 37,104 Reykjavík. Hann og Ágúst Guðmundsson, TF3AGN eru bræður. Hannesi áskotnaðist gamalt Heathkit viðtæki árgerð u.þ.b. 1950 frá afa sínum Ágústi Halblaub. Tækið var orðið mjög ónæmt, og heyrði Hannes lítið í öðrum til að byrja með, nema Vilhjálmi, TF3DX, sem er skammt undan. Næmleikinn viðtækisins hefur smátt og smátt verið að batna, og er nú orðinn þokkalegur. Erfiðast hefur gengið að útvega lampa og voru ein fimm stykki orðin slöpp í tækinu. Leitaði hann víða að lömpum með litlum árangri. Fékk hann loks þrjá hjá Ámunda á radiólager P&s, en hina tvo hjá Eggerti Benónýssyni. Er gott fyrir radióamatöra að vita af því, að Eggert er ennþá með lager af gömlum lömpum heima hjá sér. Hannes sagðist vera með gamalt vírloftnet af einhverri lengd og væri aðlögunin við sendin því ekki sem best væri á kosið. Bæði af þeim sökum og vegna viðtækisins hefði hann ekki náð mörgum samböndum, en það stæði nú til bóta og væri á döfinni að setja upp nýtt loftnet af rétttri lengd.

- Hannes sagðist að lokum gjarnan vilja komast yfir félagatal með kallmerkjum,



svo hann vissi hverja hann væri að tala við.

- **Erling Guðnason**, TF3EEN, til heimilis að Álftamýri 14, 108 Reykjavík er líffræðingur að mennt og starfar við Blóðbankann. Þannig háttar til heima hjá honum, að nokkrar blokkir eru í einni röð, með um 60 metra millibili. Honum fannst heldur óárennilegt að fá leyfi heillar blokkar á móti til að setja upp loftnet sitt, svo hann ákvað að spyrja hvorki kóng né prest. Hann og kunningi hans komust óséðir upp á þak blokkarinnar í roki og rigningu og náðu að festa endann, sem hangir þar enn. Hefur enginn tekið eftir honum að sögn Erlings. Hafið er 60 metrar, en lengd loftnetsvírsins 40 metrar og þurfti sérstakar ráðstafanir til að geta leitt kóaxfæðilínu ofan af þaki og inn í hús, en jafnframt halda viðráðanlegu álagsviðnámi við sendinn. Lausnin var að setja upp á þak sérstakt aðlögunartæki, sem Vilhjálmur, TF3DX hannaði, en Erling smíðaði. Þetta tæki er búíð þeim eiginleikum, að sjá kóaxnum fyrir 50 ohma viðnámi á tveim böndum í einu, bæði á 3,5 og 7 MHz, án þess að til þurfi að koma skipting milli banda. Tækið virkar eins og til er ætlast, það er sannreynt.

- Að lokum sagði Erling, að hann vonaðist til að ná upp meiri hraða í morsinu, grunnurinn hafi verið lagður með hljóðlíkisaðferðinni, og ef vel gangi, þá komi hann til með að halda áfram í þessu.

- **Björn Þorgilsson**, TF3BEN er líffræðinemi við Háskóla Íslands, til heimilis að Kársnesbraut 47, 200 Kópavogi. Hann og Baldur Þorgilsson, TF3BP/OZ1LAB eru bræður. Hann sagðist vera með Yaesu 101 viðtæki og enn vera að koma sér upp lofnetum. Núverandi loftnet er 2 hálfbylgjudípólar, annar fyrir 40m og hinn fyrir 80m. fæddir með sömu fæðilínu. Hann er búinn að kaupa sér tvær bambusstengur, sem hann lætur skarast u.þ.b. einn metra og "teipar" svo saman. Ætlunin er að nota þetta til að setja upp kvartbylgju "vertikal" fyrir 7 MHz og einnig Deltalykkju fyrir 21 MHz á sömu stöng. Björn sagði að lokum, að sig langaði til að smíða sér móttakara.

- **Gunnar Hilmanson, TF3YSN og Amanda Dunn TF3XSN**, búa í Ljósheimum 16, 104 Reykjavík. Hann er fiskifræðingur og vinnur í tölvudeild Útvegsbankans, en hún er forleifafræðingur og vinnur hjá Asiaco. Amanda sagðist hafa fengið áhuga á amatörradíó þegar hún var í breska hernum, en hún var liðsforingi (lieutenant) hjá Royal Signals Corps, Territorial Army í Bretlandi. Sagði hún að þar hefði stuttbylgja (HF) verið mikið notuð, einkum til RTTY sendinga, en ekki sagðist hún sjálf hafa notað þar Morse. Þau Gunnar og Amanda smíðuðu í sameiningu sendi Vilhjálms, TF3DX, en viðtækið er lánsgripur frá Bjarna Magnússyni, TF3BM. Þau eru á efstu hæð í 8 hæða blokk, en nokkrar blokkir af sömu hæð eru með u.þ.b. 75 metra millibili í Ljósheimunum. Loftnetið er 40 metra langur, 0.6 mm grannur koparvír, framlangdur með girni af sama sverleika það sem á vantar fullt haf. Fjarlægari endann festu þau á 8 hæð næstu blokkar. Daginn sem skoðun stöðvarinnar fór fram, var sá endi skorinn niður. Gunnar náði að festa hann upp aftur í tæka tíð, og var endinn uppi í þann hálf tíma sem skoðun stöðvarinnar stóð yfir, en var skorinn aftur niður skömmu eftir að skoðunarmaðurinn var farinn. Það varð að ráði að festa endann næst í ljósastaur. Þegar Gunnar var að festa endann í staurinn gekk þar framhjá maður, sem sagðist þekkja manninn sem skar loftnetið niður. Gaf hann þá skýringu á niðurskurðinum, að hér væru njósnarar á ferð.

- Þrem dögum eftir að nýliðaleyfi beggja var í höfn, fæddi Amanda, TF3XSN, sveinbarn, og það fyrsta sem Gunnar, TF3YSN gerði þegar hann kom heim, skömmu eftir miðnætti var að tilkynna atburðinn á morsi til Vilhjálms, TF3DX á 80 metrunum. Móður og barni heilsast vel, og hefur nú bæst við einn nýr áhafnarmélimur á seglskútuna Súlu, Reykjavík, sem fyrirhugað er að leggi í hnattsiglingu næsta haust, eins og sagt hefur verið frá áður í fréttabréfinu.

- **Hilmar Árnason, TF6RXN** er til heimilis að Silfurbraut 37, 780 Höfn, og hefur starfað við loftskeytastöðina á Höfn í Hornafirði, TFT, í

tæp 3 ár. Hann er með heimasíðaðan sendi og ICOM móttakara. Hann sagði að sér hefði miðað hægt áfram og sagðist ekki vera nógu góður í morsinu, og sagðist nervus við að fara í loftið á morsi. Hann sagði það vera eins með Í.R.A. og önnur félög, sem eru staðsett í Reykjavík, að það væri dálítið erfitt fyrir félagana úti á landi, að komast í jarðsamband við félagið. Félagið er mjög áhugavert og er í sókn og framför sagði hann að lokum.

- **Finnur Tómasson, TF3FTN** er til heimilis að Skipasundi 39, 104 Reykjavík og starfar sem vélgæslumaður í Áburðarverksmiðjunni. Hann sagði að sitt eintak af sendir Vilhjálms, TF3DX hefði reynst mjög vel á 3,5 og 7 MHz, en hann hygðist smíða annað eintak fyrir 21 MHz sérstaklega og síðan 5 watta viðbótina. Finnur hefur verið duglegur við að hjálpa öðrum að koma upp loftnetum, svo hans eigið hefur orðið útundan. Hann sagðist hafa verið með litinn vertikal og vírlufsu úti í garði fram að þessu, og hann hefði verið að bíða eftir frágangi hjá nágranna sínum til að geta sett upp langan vír, sem kæmist væntanlega upp á næstunni. Finnur tók sérstaklega fram, að andinn í hóp nemenda og kennara, hann hefði verið einstaklega góður, alveg frábær, gjörólíkur því sem hann átti von á. Hópurinn hefði haldið mjög vel saman, líka eftir að nýliðanam-skeiðinu lauk. Sagði hann menn hafa lært mikið á reynslu hvers annars, af því sem hinir í hópnum voru að gera, það hefði verið mikils virði. Sagðist Finnur að lokum vonast til, að þeir sem á eftir kæmu gætu líka samlagast hópnum.

- **Heimir Konráðsson, TF1EIN**, Kambahrauni 20 A, 810 Hveragerði, starf- frh á bls. 7



Spáð í DX

• Að **“safna löndum”** má líka gera á ferðalögum, með því að ferðast til landanna. Sumir sem stunda þessháttar söfnun stefna líka á hundrað landa markið eins og radíóamatörar og sumir þeirra eru radíóamatörar þar að auki. Einn slíkur heimsótti Ísland á síðasta ári, John L. Rouse, KA3DBN/GM5DUD. Hann er ritstjóri hjá Capital-Gazette Newspapers í Bowie Maryland, U.S.A. Þeir gefa út sjö blöð:

The Evening Capital, Maryland Gazette, Bowie Blade-News, Crofton News-Crier, Brooklyn News, The Wasington Magazine og Baltimore Magazine.

- Sem virkur radíóamatör og blaðamaður segist hann lengi hafa velt því fyrir sér hvernig mætti búa til áhugaverða sögu um radíóamatöra, sem lesendur hans hefðu jafnframt áhuga á. Loks sagðist hann hafa fengið þá hugmynd að eiga viðtöl við sérstaklega áhugaverða radíóamatöra í þeim löndum sem hann heimsækir.

- Í september á sl. ári lagði hann síðan land undir fót um Finnland, Svíþjóð, Danmörku og síðast til Íslands á bakaleiðinni. Var ætlunin að ná tali af frægum DX amatörum eins og Martti, OH2BH o.fl. Skrifaði hann á undan sér bréf til að greiða götu sína, og eitt þeirra barst Kristján, TF3KB, þar sem hann biður hann að hitta sig þegar hann kemur til Íslands, og eiga við sig viðtal.

- Þegar Kristján hringir í hann á hótél Esju, segir hann farir sínar ekki sléttar:

“Þú ert fyrsti maðurinn, sem hefur samband við mig. Finnarnir voru úti á Álandseyjum í SAC-keppninni. Enginn tók á móti mér. Ég hitti engan - engan. Þú ert sá fyrsti sem ég heyri í, mikið er gaman að heyra í þér, en nafnið mitt er ekki borið fram “RÚS”, heldur “RÁS” eins og “MOUSE”, fólk er alltaf að segja þetta vitlaust”. Helgin sem hann valdi, reyndist óvart vera SAC-helgin, skandinavíska keppnin var í fullum gangi, ekki besti tíminn til að ná tali at skandinavískum DX mönnum, því miður.

- Þeir Kristján ræðast við og ákveða að hittast daginn eftir. Þar sem maðurinn er blaðamaður

og reyndist vera mikill áhugamaður um diplóm fékk Kristján Guðjón, TF3AC með sér til að hitta hann. Áttu þeir við hann viðtal. og fóru með hann um þæinn. Voru m.a. skoðaðar stöðvar þeirra TF3KB og TF3AC og teknar myndir á báðum stöðunum, auk þess sem komið var við í Kringlunni og drukkið kaffi. Kom fram að hann er að vinna að “ferðalaga-DXCC”, reyna að ferðast til eitt hundrað landa. Sagðist hann mundu skrifa grein um ferð sína til norðurlandanna og Íslands og ætlaði að senda þeim Kristjáni og Guðjóni afrit af grein og myndum, sem ekki hefur enn orðið, þrátt fyrir þreflega fyrirspurn. - En fleiri radíóamatörar í QTH-DX lögðu leið sína til Íslands á sl. ári. Þorvaldur, TF6PS vakti athygli fréttabréfsins á þeirri grein um Ísland, sem sagt er frá hér á eftir. Ekki er fréttabréfinu kunnugt um, að höfundur greinarinnar hafi hitt nokkurn íslenskan radíóamatör hér á landi á ferð sinni.

• **“QTH DX. QTH is Iceland”** er

einnar opnu grein um Ísland í marshefti 73 Amateur Radio, 1988. Greinin er rituð af Leon Fletcher, N6HYK og hefur undir fyrirsögnina “THE NONESUCH COUNTRY”. Segir hann Íslendinga eiga flest myndbandstæki, gefa út og lesa flestar bækur, drekka mest af mjólk og neyta mest af eggjahvítnum, allt miðað við höfðatölu, auk þess sem þeir hafi flestar dráttarvélar á ekru. Hann segir Íslendinga vera þjóða efst á lista yfir lífsgæði mæld eftir þægindum, menntun og skyldum atriðum. Segir hann Ísland ekki eins fjarlæggt eða ókunnugt síðan leiðtogafundur Reagans og Gorbassjoffs var haldinn hér á landi. Íslendingar halda ekki á sér hita undir bjarnargærum í snjóhúsum, heldur er vetrarhitinn hærri en í New York, segir hann. Íslendingar lifa ekki einangraðir og útilokaðir frá hinum fíngerðari hlutum í lífinu segir hann, hér sé vel metin symfóníuhljómsveit, ópera, háskóli, fræðslusljónvarp og næstmesta útbreiðsla dagblaða í heiminum. Íslendingar deyja ekki ungir, þeir lifa lengur en flestar aðrar þjóðir, barnadauði er 7,1 af hverjum þúsund fæðingum, í bandaríkjunum er barnadauðinn 50% hærri segir hann.



Guðjón Einarsson skrifstofustjóri ritstjórnar hélst upp á 65 ára afmæli sitt í Hollandi um helgina.

Guðjón 65 ára

Guðjón Einarsson skrifstofustjóri ritstjórnar Tímans varð 65 ára gamall síðastliðinn sunnudag. Tíminn óskar honum til hamingju með afmælið og velfarnaðar í fram-tíðinni. Hann dvelst nú ásamt konu sinni í Hollandi á Amsterdam Ascot Hotel. Heimilisfangið er Damrak 95-98 NL 1012 Amsterdam, Holland. Sími-(020) 26M66.

Aldur Guðjóns stórlega orðum aukinn.

Klausan hér til vinstri birtist í Tímanum fyrir skömmu. Þegar CQ TF ætlaði að fara að óska heiðursfélaga Í.R.A til hamingju sagði Guðjón þetta vera rugl og vitleysu. "Maður má ekki lita af þessum mönnum. Jú, ég skropp til Hollands, en ekki til að halda upp á afmælið mitt heldur afmæli konunnar minnar

- Íslandi er stjórnað af elsta þinginu og forsetinn Vigdís Finnbogadóttir er fyrsti kjörni kvenforsetinn. Íslenskan er næstum því ólærandi hefur hann eftir E. Fodor og nefnir orðið: hæstaréttarmálaflutningsmannsskrifstofuútdýrlykill sem dæmi í því sambandi.

- Í amatörmálum segir hann Ísland ekki á lista yfir 100 eftirsóttustu löndin, og bandaríkjamenn geti fundið TF stöðvar án alls of mikillar leitar, þær heyrist jafnvel á DX nettiðnum nokkrum sinnum á ári. Hann birtir nokkrar tölfræðiupplýsingar, sem virðast byggðar á kallbókinni, segir að hér séu 7 leyfisflokkar, N, A, B, C, T, R og S (R=endurvarpar og S=klúbbar). Hann telur hér átta klúbbstöðvar, þaraf eina í Háskóla Íslands og aðra í skátaheimili. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að hér sé einn amatör á hverja 1850 íbúa, samanborið við einn á hverja 500 í bandaríkjunum. Loks minnst hann á íslenska diplómið, sem hann segir mjög fallett (truly beautiful) og að allar frekari upplýsingar megi fá með því að skrifa til viðurkenningaforstjóra ÍRA.

- Þorvaldur, TF6PS skrifar og segist hafa móttekið QSL-kort frá SV2UA/SY, sem er Athosfjall í Grikklandi. Það er sérstakt DXCC-land, þó með samþykki ARRL í hvert sinn, háð því að lögleg og tilskilin leyfi hafi verið fengin fyrir starfrækslunni, sem gert var í þessu tilviki. Þorvaldur segir að gaman væri að vita hvort fleiri TF-stöðvar hafi náð Athos fjalli, en það tók hann 4 klst. að ná sambandinu.

frh af bls. 5:

ar sem framleiðslustjóri og rafvirkjameistari hjá Entek hf. Auk sendis TF3DX, smíðaði hann 80m sendi Howes Communications eins og TF3GBN, en viðtakið er Yaesu 757. Loftnetið er tveir hliðtengdir 40m og 80m hálfbylgjudípólar með sameiginlega fæðilínu, sem á aðvera nothæft á 15m líka. Sagðist Heimir hafa náð fljótlega fjórum samböndum á 21 MHz, en það gerðist þó ekki fyrir en hann var búinn að setja upp Delta lykkjuloftnet fyrir bandið. Innanlandssamband er bara eitt til þessa, við TF3DX. Sagðist Heimir hafa átt mjög annríkt í vinnunni og haft þessvegna lítinn tíma. Þar að auki hefði komið upp bilun í viðtækinu, en hann sagðist heyrja allar innanlandsstöðvar mjög vel. Heimir vildi þakka Vilhjálmi, TF3DX sérstaklega fyrir mjög gott starf, hann hefði verið driffjöldrin í þessu og lagt í þetta óhemju tíma, auk Kristjáns, TF3KB. Einnig hefði samvinna nýliðanna gengið vel, t.d. varðandi innkaup íhlutanna í upphafi.


-Auk þeirra nýliða, sem höfðu samvinnu um smíði senda sinna og hér hefur verið rætt við, eru starfandi tveir eldri nýliðar þeir Jakob Helgason, TF3EJN, og Halldór Christensen, TF3GCN, báðir í Garðabæ.

NÝLIÐAPRÓF

Næsta nýliðapróf verður haldið 14. maí nk. og upptökupróf 11. júní n.k. Tilkynnið þátttöku til Vilhjálms, TF3DX í síma 39780 eða Kristjáns, TF3KB í síma 31850.



Macintosh™



Tölvur fyrir fólk !

Við tökum vel
á móti þér !



SKIPHÓLTI 19
SÍMI 29800